

- 54 1. Þjóðjörðina Bakka í Svarfaðardal í Eyjafjarðarsýslu ábúandanum Þór Vil-
25. maí hjálmsyni, enda verði jörðin gerð að ættaróðali samkvæmt lögum nr. 116 1943.
2. Eyðijörðina Fagranes í Öxnadal í Eyjafjarðarsýslu Rúti Þorsteinssyni bónda í Engimýri.
3. Eyðijörðina Granda í Ketildalahreppi, enda sé við söluna tekið tillit til þeirrar greiðslu, er ríkissjóði hefur verið gert að greiða fráfaraðandi ábúanda.

Söluverð jarðanna skal ákveðið af dómkvöddum mönnum. Við mat Granda skal taka tillit til þess, að ríkissjóði hefur við úttekt verið gert að kaupa hús og mannvirki fráfaraðandi á kr. 6875. Við mat á Fagranesi skal taka tillit til, hversu semst við Brunabótafélag Íslands um greiðslu vegna brunatjóns, sem jarðareigandi á á hendur félaginu, og haga matinu í samræmi við það.

Ríkisstjórninni heimilast að hafa skipti á jörðinni Klettakoti, sem er eign ríkisins, og jörðinni Straumi, sem Edilon Guðmundsson bóndi í Stóra-Langadal er eigandi að. Báðar þessar jarðir eru í Skógarstrandarhreppi í Snæfellsnessýslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Þórður Eyjólfsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

55

25. maí

L Ö G

um breyting á lögum nr. 25 1946, um landshöfn í Keflavíkur- og Njarðvíkurhreppum.

HANDHAFAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Í stað „10 millj. kr.“ í 2. gr. laganna komi: 15. millj. kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 25. maí 1950.

Steingrímur Steinþórsson.

Jón Pálmason.

Þórður Eyjólfsson.

(L. S.)

Ólafur Thors.